



## Jarðvegsnáma í landi Gaddstaða í Rangárþingi ytra

Gjaldskrá breytt 1. janúar 2007 skv. byggingavísitölu. 356,3

### Auglýsing

Efnistaka, þ.e. sandnám, er heimilt í landi Gaddstaða í Rangárþingi ytra í sandnámu sem opnuð hefur verið sérstaklega til þessara nota.

Þeir sem hyggjast fá þar efni til uppfyllingar eða annarra nota, skulu hafa samband við skrifstofu hreppsins og tilgreina áætlað magn í rúmmetrum sem fyrirhugað er að sækja. Á skrifstofu hreppsins fæst afhentur lykill að svæðinu gegn greiðslu efnisgjalds sem er eftirfarandi:

**Fyrsta hlass kr. 2.694,- innifalið allt að 10 rúmm.**

**Fyrir viðbótarmagn kr. 68,- fyrir hvern rúmm.**

Framangreind gjöld breytast 1. janúar og 1. júlí ár hvert í samræmi við breytingar á byggingavísitölu en skulu þó ekki verða lægri en að framan greinir.

Starfsmenn áhaldahúss Rangárþings ytra hafa eftirlit með námusvæðinu og fylgja þeir fyrirmælum þeirra um efnistöku á hverju sinni og um alla umgengni um svæðið.

Geymsla véla eða annars búnaðar á svæðinu er ekki heimil nema með leyfi starfsmanna áhaldahúss Rangárþings ytra. Sérstaklega skal tekið tillit til þess í allri umferð um svæðið, að í sama landi fer fram uppgræðsla "Aldamótaskóga" á vegum Skógræktarfélag Íslands. Umferð um svæðið er ekki heimil utan vegar að efnistökusvæðinu. Eftir að tilgreindri efnistöku er lokið, skal ganga vel frá námusvæðinu og skila lykli til skrifstofu Rangárþings ytra.

Skilyrði fyrir heimild til efnistöku skv. framangreindum ákvæðum er að farið verði í einu og öllu eftir þeim og fyrirmælum starfsmanna áhaldahúss Rangárþings ytra.

Samþykkt á fundi hreppsnefndar Rangárvallahrepps þ. 31. janúar 2002 og auglýst í "Búkollu" og á venjulegum auglýsingastöðum sveitarstjórnarinnar.